

Ed.

66. Frumvarp lánsfjárlaga

[63. mál]

fyrir árið 1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka allt að 4 200 000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Próunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 112 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er heimilt að taka innlend lán að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 350 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Herjólfur hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–7. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 34 600 þús. kr. á árinu 1988 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1988.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 180 000 þús. kr. á árinu 1988.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1988.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 20 000 þús. kr. á árinu 1988.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1988.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1988.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1988.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 40 000 þús. kr. á árinu 1988.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 9 090 þús. kr. á árinu 1988.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1988 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 500 000 þús. kr. á árinu 1988.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100 000 þús. kr. á árinu 1988.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1988.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka falla niður á árinu 1988.

25. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 19/1986, um fjáröflun til vegagerðar, skal framlag ríkissjóðs til vegamála eigi fara fram úr 2 850 000 þús. kr. á árinu 1988.

26. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilaskjóðs falla niður á árinu 1988.

27. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 485 000 þús. kr.

III. KAFLI

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að láns-samningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka láns-samninga að nýju nema laga-heimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta, þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

30. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983, þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

31. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. á árinu 1987.

32. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1988. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1989 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt þessu frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 eru heildarlántökur, að frátöldum lánum innlánsstofnana til fyrirtækja og heimila, áætlaðar um 20 250 m.kr. samanborið við 17 960 m.kr. í lánsfjárlögum 1987. Ráðgert er að afla 12 250 m.kr. innan lands á árinu 1988 og 8 000 m.kr. með erlendum lántökum. Greiðslur þjódarbúsins af löngum erlendum lánum eru áætlaðar alls 12 700 m.kr. á árinu 1988, þar af eru afborganir 6 200 m.kr. og vextir 6 500 m.kr. Hreinar erlendar lántökur til langs tíma nema því 1 800 m.kr.

Innlend lánsfjáröflun. Af innlendum lántökum eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða veigamest eða um 6,2 milljarðar króna. Afgangurinn skiptist á sölu spariskírteina, verðbréfakaup banka og aðra innlenda lántöku. Hlutdeild innlendrar fjármögnunar eykst talsvert milli ára eða um 6 prósentur sem hlutfall af heildarlántökum á lánsfjáráætlun og verður um 60%. Yfirlitið hér að neðan sýnir innlendu lánsfjáröflunina samkvæmt lánsfjárlögum í ár og frumvarpi 1988. Jafnframt eru þar sýndar horfur á útkomu yfirstandandi árs að svo miklu leyti sem þær liggja fyrir.

	Lánsfjár- lög 1987	Áætluð útkoma 1987	Frumvarp 1988
Sala spariskírteina	1.500	1.500	3.000
Verðbréfakaup bankakerfis	2.070	2.096	1.480
Af ríkissjóði	1.650	1.716	1.200
Af Framkvæmdasjóði	420	380	280
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	5.805	...	6.170
Af ríkissjóði	1.300	800	-
Af húsbýggingasjóðum	3.765	4.590	6.110
Af fjárfestingarlánasjóðum	740	...	60
Önnur innlend lánsfjáröflun	370	...	1.600
Innlend lánsfjáröflun alls	9.745	...	12.250
-55% skuldabréfakaup lífeyrissjóða húsbýggingasjóða	-3.765	-4.590	-6.110
Óumsamin innlend lánsfjáröflun	5.980	...	6.140
Innlausn spariskírteina	-1.250	-1.250	-2.755
	4.730	...	3.385
Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóða	6.875	8.350	11.100
Óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár	1.070	...	4.930

Af yfirlitinu verður m.a. ráðið að þó svo að áform um innlenda lánsfjáröflun vaxi umtalsvert milli ára eru mjög háar fjárhæðir bundnar umsaminni ráðstöfun. Af 12 250 m.kr. eru 6 110 m.kr. skuldabréfakaup lífeyrissjóða af húsbýggingarsjóðunum sem gerast nokkurn veginn með sjálfvikum hætti. Nýverið voru undirritaðir samningar milli þessara aðila um kjör bréfanna á árabílinu 1988-1990. Að teknu tilliti til þessa nemur óumsamin innlend lánsfjáröflun 6 140 m.kr. á árinu 1988. Er það svipuð fjárhæð og í lánsfjárlögum í ár.

Sala spariskírteina. Mikil aukning á sölu spariskírteina, úr 1 500 m.kr. í ár í 3 000 m.kr. 1988 eins og fram kemur í yfirlitinu, er villandi. Þessar tölur verða ávallt að skoðast í samhengi við áætlaða innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé skilar sér aftur í ný bréf.

Áætluð innlausn eykst um rúmar 1 500 m.kr. milli ára, þannig að hrein fjáröflun sem ríkissjóður áformar að ná með þessum hætti á árinu 1988 er svipuð og á yfirstandandi ári eða um 250 m.kr.

Verðbréfa kaup banka. Ríkissjóður áformar að selja innlánsstofnunum verðbréf og ríkisvixla fyrir 1200 m.kr. á næsta ári. Það samsvarar um 10% af áætluðum útlánum innlánsstofnana á árinu. Að auki er áætlað að bankar kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði fyrir 280 m.kr. Á undanförunum árum hefur gjarnan verið miðað við að kaup banka af Framkvæmdasjóði samsvari 4% af innlánsaukningu þó að um hafi verið að ræða lánafyrirgreiðslu sem byggð er á samkomulagi milli aðila. Þessi fjárhæð er talsvert lægri en það hlutfall eða um 1,9% af áætlaðri aukningu innlána.

Verðbréfa kaup lífeyrissjóða. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir verji um 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum frá byggingarsjóðunum. Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1988 er um 11 100 m.kr. og lántökur byggingarsjóðanna samkvæmt því um 6 110 m.kr. Þá eru lögbundin skuldabréfa kaup Lífeyrissjóðs bændu af Stofnlánadeild landbúnaðarins áætluð um 60 m.kr. Óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár er því áætlaður 4 930 m.kr. samkvæmt áætlun fyrir árið 1988 samanborið við 1 070 m.kr. í lánsfjárlögum yfirstandandi árs.

Veruleg aukning hefur orðið á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna að raungildi á undanförunum árum. Þessu valda margar ástæður. Þar má telja vaxandi verðtryggingu á eignum sjóðanna, hækkandi raunvexti og verulega kaupmáttaraukningu síðustu þrjú ár. Þá hefur breytingin á iðgjaldastofninum haft mikil áhrif.

Önnur innlend fjáröflun. Ráðgert er að afla alls 1 600 m.kr. með öðrum hætti á innlendum lánsfjármarkaði á árinu 1988. Ekki er sett fram í áætluninni nákvæmlega hvaðan á að afla þess fjármagns en benda má meðal annars á verulega aukið óbundið ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

Erlend lán. Á árinu 1987 er áætlað að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 12 440 m.kr. en lánsfjáráætlun 1987 gerði ráð fyrir lántökum að fjárhæð 8 215 m.kr. Erlendar lántökur umfram áætlun stafa einkum af auknum lántökum einkaaðila og skuldbreytingum á erlendum skammtímalánum sveitarfélaga í löng lán. Auk þess er talið að fjármögnunarleigur taki erlend lán að fjárhæð um 2 000 m.kr. á árinu 1987. Afborganir af löngum lánum eru taldar verða 5 750 m.kr. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því 6 690 m.kr. Er það um 3,2% af áætlaðri landsframleiðslu 1987. Erlendar lántökur fjármögnunarleiga hafa verið flokkaðar meðal skammtímahreyfinga en verða nú taldar með langtímalánum.

Horfur eru á að halli á viðskiptum við útlönd verði 2 400 m.kr. á árinu 1987 sem er um 1,2% af landsframleiðslu ársins. Reiknað er með að viðskiptahallinn aukist á árinu 1988 og verði 4 400 m.kr. eða um 1,8% af áætlaðri landsframleiðslu 1988. Erlendar lántökur eru áætlaðar 8 000 m.kr. og afborganir 6 200 m.kr. Talið er að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um 300 m.kr. og verður innstreymi erlends fjár því 2 100 m.kr. Heildargreiðslujöfnuður verður því óhagstæður um 2 300 m.kr. á árinu 1988 og versnar gjaldeyrisstaða Seðlabankans sem því nemur. Á árinu 1987 benda áætlanir til að hún batni um 3 300 m.kr. Þetta kemur meðal annars fram í fylgiskjali III sem sýnir greiðslujöfnuð við útlönd á árinu 1986 til samanburðar við áætlun 1987 og 1988.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1988 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1987 og nýrri spá um ráðstöfun innkominna lána á árinu 1987 að teknu tilliti til skuldbreytinga á erlendum skammtímalánum (m.kr.):

Erlendar lántökur 1987 og 1988.

	Láns- fjárlög 1987	Horfur 1987	Lánsfjár- áætlun 1988
1. Opinberir aðilar	2.550	3.285	900
Ríkissjóður A-hluti	1.700	1.920	–
Ríkissjóður B-hluti	–	275	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Sveitarfélög	350	520*	250
2. Opinberir lánasjóðir	520	845	350
3. Atvinnufyrirtæki einkaaðila	5.145	8.310	6.750
Atvinnufyrirtæki	4.100	4.700	4.900
Atvinnuvegasjóðir	1.045	1.610	1.050
Fjármögnunarleigur	–	2.000	800
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	8.215	12.440	8.000
5. Erend skammtímalán, nettó	–600	–973	–
Sveitarfélög	–	–373*	–
Atvinnufyrirtæki	–600	–600	–
6. Hrein lánanotkun	7.615	11.467	8.000

* Skuldubreyting erlendra skammtímalána Hitaveitu Akureyrar 373 m.kr.

Mikill hagvöxtur ásamt gengislækkun bandaríkjadals veldur því að hlutfall langra erlendra lána lækkar úr 47% af vergri landsframleiðslu 1986 í 40% á árinu 1987. Áætlað er að þetta hlutfall lækki enn frekar á árinu 1988 og verði um 35% vergrar landsframleiðslu. Staða þjóðarbúsins mun þó ekki batna eins mikið gagnvart útlöndum þar sem talið er að erlend skammtímalán verði nær óbreytt, en gjaldeyrisstaðan versni töluvert á árinu 1988. Hrein skuldastaða við útlönd var rúm 45% vergrar landsframleiðslu 1986, en er talin verða um 37% 1987 og 33% 1988, eins og sýnt er í fylgiskjali IV um stöðu þjóðarbúsins út á við á árunum 1979 til 1988.

Þá er í fylgiskjali V sýnd greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli við útflutnings- tekjur af vörum og þjónustu á árunum 1979 til 1988. Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði um 16% útflutningstekna á árunum 1987 og 1988. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst á árinu 1984, 24,3%, en hefur lækkað síðan bæði vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána, sem voru 10–12% á árunum 1980 til 1984, lækkuðu í 8,7% 1986 og eru nú áætlaðir tæp 8% 1987 og 1988. Vaxtabyrði erlendra lána nam 9,6% útflutningstekna 1986 en er áætluð um 8% á árunum 1987 og 1988.

Stjórn peningamála. Peningaþensla hefur verið mikil á þessu ári. Helsta uppspretta þessa er innstreymi erlendra lána sem virðist stefna í 4–5 000 m.kr. umfram það sem áformað var í lánsfjárlögum. Þá mun ríkissjóður auka skuldir sínar við Seðlabankann einkum vegna lántöku til að fjármagna hlutfjárframlag í Útvegsbanka Íslands hf.

Í febrúar voru gerðar veigamiklar breytingar á stjórn peningamála. Bindiskylda innlánsstofnana var lækkuð úr 18% í 13% en samhliða var þeim gert að halda lausafé innan ákveðinna marka. Til lausafjár teljast m.a. ríkisvixlar og nettóinnstæður lánastofnana í innlendum og erlendum bönkum. Lækkun bindiskyldu var að tveimur þriðju greidd út í ríkisvixlum, en með því var stefnt að því að koma á fót markaði með ríkisvixla. Í byrjun júní var síðan hafin sala þeirra. Vixlarnir eru nú seldir með ákveðnum forvöxtum en ekki á uppboði

eins og reynt var 1984. Meðalstaða á þessum lánum hefur verið um 300 m.kr. mánuðina júní til september.

Veruleg spenna hefur ríkt á peningamarkaði á þessu ári. Mikill hagvöxtur hefur örvað eftirspurn eftir lánsfé auk þess sem fjárförf hins opinbera hefur verið mikil. Lánsfjáreftirspurn einstaklinga (heimila) hefur einnig vaxið í kjölfar hins nýja húsnæðislánakerfis. Því hafa vextir farið hækkandi á árinu þrátt fyrir mikla aukningu sparnaðar sem áður er getið. Aðstæður á peningamarkaði eru einnig allt aðrar en áður þar sem innlánsstofnanir hafa nú frelsi til ákvörðunar vaxta.

Helstu niðurstöður áætlana fyrir árið 1988 benda til að peningamagn og sparifé muni vaxa um 20%. Er þá byggt á þeim forsendum að verðbóga verði um 10% frá upphafi til loka árs, raunvextir innlána verði jákvæðir um 2% og vöxtur þjóðarframleiðslu verði mjög lítil.

Forsendur þjóðhagsáætlunar um viðskiptajöfnuð og lánsfjáráætlunar um erlendar lántökur benda til að heildargreiðslujöfnuður við útlönd verði verulega neikvæður á árinu 1988. Er þar reiknað með að gjaldeyrisstaða bankakerfisins versni á árinu 1988 um röska tvo milljarða króna samanborið við tæplega þriggja milljarða króna bata 1987. Þessi niðurstaða endurspeglar að sjálfsögðu það aðhald sem fyrirhugað er í erlendum lántökum og aukna hlutdeild innlands lánamarkaðar.

Útstreymi gjaldeyris dregur úr peningaframboði. Framangreind rýrnun gjaldeyrisstöðu mundi því draga mjög úr myndun lausafjár nema úr því yrði bætt með peningaframboði af öðrum toga. Í þessu sambandi verður að telja æskilegt að verðbréfakaup Seðlabankans stefni að ákveðnu marki með hliðsjón af þeirri aukningu peningamagns og lausafjárstöðu sem talin er æskileg.

Af framansögðu sýnist ljóst að ekki virðast lagðar auknar byrðar á innlenda lánamarkaðinn á næsta ári. Auk þess er mun minna af fjármagni lífeyrissjóðanna bundið ákveðinni ráðstöfun. Búast má við samkeppni um það fé og annað innlent fjármagn og hefur það óhjákvæmilega áhrif á vexti. Forsenda þess að innlendi peningamarkaðurinn verði liður í aðhaldssamri peningastefnu er að erlent lánsfé til fjárfestingar og neyslu innan lands fari ekki úr böndum og vinni ekki gegn markaðri stefnu stjórnvalda. Skref í þá átt var stigið í septembermánuði sl. með nýjum reglum viðskiptaráðuneytis um erlendar lántökur og kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga vegna innflutnings á vélum og tækjum. Í fylgiskjali VII er fréttatilkynning ráðuneytisins af þessu tilefni.

Stefnubreyting. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því markmiði lýst að ríkisafskipti og ríkisrekstur á atvinnufyrirtækjum verði sem minnst. Þessari stefnu er til skila haldið í þessu frumvarpi og frumvarpi til fjárlaga 1988 þótt í litlum mæli sé. Til dæmis verði ríkisábyrgðum af lántökum atvinnuvegasjóða aflétt til að ýta undir sjálfstætt áhættumat og auknar arðsemiskröfur. Stefnt er að því að breyta starfsháttum og stjórn fjárfestingarlánasjóða. Horfið verði frá skiptingu þeirra eftir hefðbundnum atvinnugreinum, þannig að nýjar greinar standi jafn vel að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé. Þegar hefur verið skipaður starfshópur til að undirbúa þessar tillögur. Enn fremur hefur verið skipaður starfshópur til að endurskoða lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Að því er stefnt að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Í áætluninni fyrir 1988 er fjárfestingarlánasjóðum skipt í tvo aðalflokka, annars vegar opinbera fjárfestingarlánasjóði, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Bygðastofnun og Framkvæmdasjóð Íslands, og hins vegar atvinnuvegasjóði. Nú eru dregin gleggri skil milli þessara flokka en áður vegna breyttrar meðferðar á ábyrgðarveitingum á lántökum.

Í þessari áætlun er miðað við að atvinnuvegasjóðirnir annist eigin lántöku. Fram hefur komið að stefna ríkisstjórnarinnar er að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þess vegna er ekki talið rétt að binda lántökur sjóðanna við Framkvæmda-

sjóð heldur heimila þeim að afla lánsfjár innan ramma lánsfjárlaga að eigin vild á hagkvæmstu kjörum sem bjóðast. Með þessu frumvarpi er tekin upp breytt stefna í veitingu ríkisábyrgða. Miðað er við að þeir aðilar, sem ekki njóta ríkisábyrgðar, geti ekki sótt lánsfé um Framkvæmdasjóð eða Byggðastofnun. Á þetta jafnt við um fjárfestingarlánasjóði sem atvinnufyrirtæki og einstaklinga. Fjáröflun nokkurra stærstu sjóðanna er sýnd í fylgiskjali I.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti: a) Eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Til að standa undir framangreindum heildarútlánnum 1988, 12 732 m.kr. þurfa sjóðirnir að taka að láni 9 000 m.kr. Þar af falla 7 090 m.kr. undir ríkisábyrgðir, þ.e. lántökur byggingarsjóðanna, Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs og Próunarfélags. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggi í höfuðdráttum á lánsfé enda nemur það um 70% af útlánnum þeirra. Sjóðirnir fá framlög og skatttekjur að fjárhæð 3 023 m.kr. en eigin fjármögnun og sjóðsbreytingar þeirra eru um 709 m.kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlántökur ríkissjóðs verða 4 200 m.kr. á árinu 1988 og er stefnt að því að afla þess fjármagns innan lands. Sótt er um heimild til sölu spariskírteina að fjárhæð 3 000 m.kr. og 1 200 m.kr. með sölu verðbréfa og ríkisvixla til bankakerfisins. Ekki er gert ráð fyrir neinni erlendri lántöku ríkissjóðs á árinu 1988 en afborganir erlendra lána eru áætlaðar 850 m.kr.

Ráðgert er að af lánsfé ríkissjóðs verði veitt lán til B-hluta fyrirtækja og sjóða að fjárhæð 1 635 m.kr. Lán þessi eru 820 m.kr. til flugstöðvar í Keflavík vegna umframframkvæmda á árinu 1987, 690 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 125 m.kr. til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Ráðgerðar framkvæmdir Landsvirkjunar á árinu 1988 nema um 880 m.kr. og er þá miðað við að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991. Fjárfestingin skiptist þannig að um 600 m.kr. renna til Blönduvirkjunar, 220 m.kr. til kaupa á búnaði vegna nýs kerfiráðs og húsbyggingar fyrir nýja stjórnstöð. Þá er ráðgert að um 50 m.kr. fari í að reisa nýja aðveitustöð í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar fyrir notendur á Suður-Faxaflóasvæðinu og mögulega nýja stóriðju. Áætlað er að taka stöðina í notkun síðla árs 1989. Að lokum eru um 10 m.kr. ætlaðar til virkjunarrannsókna. Af framkvæmdakostnaði Blönduvirkjunar á árinu 1988 eru um 240 m.kr. vegna vaxta á byggingartíma.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar annars vegar með 600 m.kr. erlendri lántöku vegna Blöndu og hins vegar með 280 m.kr. úr rekstri fyrirtækisins. Að lokum miðast áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð alls 1 112 m.kr., þar af eru 635 m.kr. af erlendum lánnum og um 470 m.kr. renna til ríkissjóðs. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 1 756 m.kr. á árinu 1988, þar af eru 1 374 m.kr. til útlanda og 380 m.kr. til ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Próunarfélagi Íslands hf. er heimiluð 50 m.kr. erlend lántaka á árinu 1988. Áætlunin miðast við að útlán félagsins nemi 105 m.kr. og að óráðstafaður sjóður þess nemi um 89 m.kr. í árslok 1988.

Áætluð lántaka félagsins 1987 nemur 100 m.kr. og er það í samræmi við lántökuheimild þess í ár. Framkvæmdasjóður Íslands hefur milligöngu um lántökuna erlendis og endurlánar félaginu. Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreind lántökuáform verður búið að nýta um 340 m.kr. af þessum heimildum í árslok 1988.

Um 5. gr.

Á undanförunum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Ljóst er að margar þessara veitna eiga í miklum erfiðleikum bæði vegna rekstrar og þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar. Hér á eftir verður greint stuttlega frá fyrirliggjandi upplýsingum um nokkrar þessara veitna á árinu 1988.

Hitaveita Akureyrar. Lántaka veitunnar á árinu 1988 að fjárhæð 3 milljónir bandaríkjadala eða um 120 m.kr. er vegna afborgana af erlendum skammtímalánum veitunnar.

Hitaveita Egilsstaða og Fella. Veitunni er veitt heimild til 8 m.kr. lántöku á árinu 1988 vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Heildarlánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar um 25 m.kr. á árinu 1988, þar af eru afborganir um 15 m.kr. og vextir um 10 m.kr.

Hitaveita Eyra. Veitunni er heimiluð 10 m.kr. erlend lántaka á árinu 1988 til að standa straum af greiðslum af áhvílandi skuldum.

Annað. Þá eru áætlaðar á safnlið alls 212 m.kr. vegna lántöku ýmissa sveitarfélaga. Ljóst er að ekki hafa komið fram allar lántökubeiðnir sveitarfélaga og má ætla að einhverjar berist á síðari stigum fyrir afgreiðslu lánsfjárlaga. Hér má nefna málefni Fjarhitunar í Vestmannaeyjum, en ljóst er að þar eru vandamál sem þarf að leysa á næstunni.

Um 6. gr.

Samkvæmt lánsfjáráætlun 1988 er gert ráð fyrir að Bygðastofnun hafi til almennra lána um 855 m.kr. Áætlað er að stofnunin afli lánsfjár erlendis að fjárhæð 350 m.kr. og 250 m.kr. innan lands til að fjármagna þessi útlán. Með þessari grein er Bygðastofnun veitt ríkisábyrgð fyrir erlendu lántökunni.

Um 7. gr.

Að undanförunu hefur verið unnið að útboði vegna smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju í stað núverandi ferju Herjólfss hf. sem er 11 ára gömul. Á yfirstandandi ári er ráðgerð um 25 m.kr. lántaka í þessu skyni. Með þessu frumvarpi er miðað við að því verki verði fram haldið og tekið 100 m.kr. erlent lán með ríkisábyrgð á árinu 1988.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 9.–25. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988, um skerðingu lögboðinna framlaga, er með þessu frumvarpi mælt fyrir breytingum ákvæða viðkomandi laga. Hér er um að ræða skerðingu á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem eru bundin í sérlögum. Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir því á næstu mánuðum að dregið verði úr slíkri sjálfvirkni. Það kallar hins vegar á lagabreytingar. Að svo stöddu er mælt fyrir tímabundinni skerðingu framlaga í þessu frumvarpi. Nefnd þingflokka stjórnarflokkanna vinnur nú að sérstakri athugun að því er varðar framlög til landbúnaðarmála.

Um 26. og 27. gr.

Um langt skeið hefur skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga verið til umfjöllunar. Umræðan hefur annars vegar snúist um verkaskiptinguna og hins vegar um skiptingu kostnaðar af sameiginlegum verkefnum og fjármögnun þeirra. Með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 er stefnt að tilflutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Fyrirhugað er að leggja fram sérstakt lagafrumvarp í því skyni og eru skerðingarákvæði 25. og 26. gr. þessa frumvarps í samræmi við það.

Um 28. gr.

Þessi grein miðar að því að heimila ríkissjóði að nýta hagstæð kjör á erlendum lánamörkuðum, þegar þau bjóðast, til að greiða upp eftirstöðvar erlendra lána fyrir lok lánstíma þeirra.

Jafnframt kemur fram í þessari grein ákvæði sem varðar heimild til að nýta þann sveigjanleika sem veltilána- og skammtímalánasamningar (Euro Commercial Paper) bjóða upp á, þ.e. að haga notkuninni í samræmi við markaðsaðstæður hverju sinni og þarfir tengdar lánsfjáráætlun og framkvæmd annarra lánsamninga.

Árið 1984 var tekin upp sú nýbreytni á kjörum spariskírteina ríkissjóðs að í þeim var ákvæði um gagnkvæman uppsagnarrétt beggja aðila að binditíma liðnum. Fyrsti flokkur þessara skírteina varð innleysanlegur frá og með árinu 1987.

Um 29. gr.

Þessi grein felur í sér heimild til að nýta þá möguleika sem erlendir fjármagnsmarkaðir bjóða upp á og byggjast á samningum um skulda- og vaxtaskipti. Viðskipti af þessu tagi hafa mjög færst í vöxt á allra síðustu árum enda getur það í mörgum tilfellum reynst heppilegt fyrir skuldara að breyta samsetningu skulda sinna, bæði hvað snertir gjaldmiðla og vaxta- kjör.

Um 30. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á tiltölulega fáum árum. Sérstaklega hefur þetta komið hart niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma. Þessi grein heimilar Landsvirkjun að skuldbreyta erlendum lánum sínum í því augnamiði að tengja betur endurgreiðslur af lánum líftíma raforkumannvirkja fyrirtækisins.

Um 31. gr.

Heildarlántaka ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands á árinu 1987 er áætluð alls 864 m.kr. Með lögum nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, var ríkissjóði heimilud lántaka í Seðlabanka Íslands að fjárhæð um 764 m.kr. Með þessari grein er sótt um heimild fyrir ríkissjóð að taka 100 m.kr. lán í Seðlabanka á árinu 1987, þar af eru 40 m.kr. vegna Rafmagnsveitna ríkisins og 60 m.kr. vegna framkvæmda við Egilsstaðaflugvöll.

Um 32. og 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1988.
(M.kr.)

Upprunalegir lántakar	Sala spari- skírteina	Verðbréfa- kaup bankakerfis	Verðbréfa- kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar- lántökur
I Opinberir aðilar	3.000	1.200	–	100	4.300	900	5.200
Ríkissjóður, A-hluti	3.000	1.200	–	–	4.200	–	4.200
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj. Sveitarfélög	–	–	–	–	–	650	650
	–	–	–	100	100	250	350
II Opinberar lánastofnanir	–	280	6.110	300	6.690	350	7.040
Byggingarsjóður ríkisins	–	–	4.750	50	4.800	–	4.800
Byggingarsjóður verkam.	–	–	1.360	–	1.360	–	1.360
Framkvæmdasjóður	–	280	–	–	280	–	280
Byggðastofnun	–	–	–	250	250	350	600
III Atvinnufyrirtæki og sjóðir	–	–	60	1.200	1.260	6.750	8.010
Atvinnufyrirtæki	–	–	–	–	–	4.800	4.800
Herjólfur hf. Vestm.eyjum ...	–	–	–	–	–	100	100
Fiskveiðasjóður, gr.halli	–	–	–	150	150	150	300
Fiskveiðasjóður, útlán	–	–	–	250	250	350	600
Stofnlánadeild landbún.	–	–	60	–	60	–	60
Iðnlánasjóður	–	–	–	300	300	400	700
Iðnþróunarsjóður	–	–	–	50	50	100	150
Útflutningslánasjóður	–	–	–	50	50	50	100
Fjármögnunarleiga	–	–	–	400	400	800	1.200
Heildarlántökur (I+II+III)	3.000	1.480	6.170	1.600	12.250	8.000	20.250

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987 og 1988. (M.kr.)

	Láns- fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun 1987	Lánsfjár- áætlun 1988
1. Ríkissjóður A-hluti	6.150	6.800	4.200
Par af endurlánað til B-hluta	1.420	1.460	1.635
Lánasjóður íslenskra námsmanna	800	800	690
RARÍK, almennar framkvæmdir	100	140	125
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	520	520	820
Par af endurlánað til atvinnufyrirtækja	–	220	–
Togarinn Merkúr	–	160	–
Baldur hf., Stykkishólmi	–	35	–
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	–	25	–
2. Ríkissjóður, B-hluti	–	955	–
Póst- og símamálastofnunin	–	170	–
Síldarverksmiðjur ríkisins	–	105	–
Flugstöð Keflavík	–	680	–
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Landsvirkjun	400	470	600
Próunarfélag Íslands h.f.	100	100	50
4. Sveitarfélög	350	520	350
Hitaveita Akureyrar	–	373 ¹⁾	120
Hitaveita Egilsstaða og Fella	9	9	8
Hitaveita Siglufjarðar	12	12	–
Hitaveita Hveragerðis	45	45	–
Hitaveita Eyra	3	3	10
Annað	281	78	212
5. Ráðstöfun (1+ +4) = Fjáröflun (6+7)	7.000	8.845	5.200
6. Innland fjáröflun	4.450	5.560	4.300
Útgáfa spariskírteina	1.500	1.500	3.000
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	1.300	800	–
Verðbréfa kaup bankakerfis	1.650	1.716	1.200
Seðlabanki Íslands vegna Útvegsbanka o.fl.	–	864	–
Bankakerfið vegna flugstöðvar í Keflavík	–	680	–
Önnur innland fjáröflun	–	–	100
7. Erlendar lántökur	2.550	3.285	900
Ríkissjóður, A-hluti	1.700	1.920	–
Ríkissjóður, B-hluti	–	275	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Sveitarfélög	350	520 ¹⁾	250

1) Par af 373 m.kr. vegna skuldbreytinga Hitaveitu Akureyrar á erlendum skammtfímalánum.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

Greiðslujöfnuður við útlönd 1986—1988.
(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	1986	Áætlun 1987	Áætlun 1988
Vöruskiptajöfnuður	3 980	1 400	-400
Útfluttar vörur alls	44 968	52 450	54 900
Innfluttar vörur alls	-40 988	-51 050	-55 300
Sérstakur vöruinnflutningur	-4 338	-5 600	-6 400
Skip og flugvélar	-1 862	-3 000	-3 600
Aðrar fjárfestingarvörur	-139	-70	-70
Rekstrarvörur	-2 337	-2 530	-2 730
Almennur innflutningur	-36 650	-45 450	-48 900
Olía	-3 693	-3 350	-3 750
Annað	-32 957	-42 100	-45 150
Þjónustujöfnuður	-3 426	-3 800	-4 000
Útflutt þjónusta (án vaxta)	18 157	21 000	22 400
Innflutt þjónusta (án vaxta)	-15 354	-19 000	-20 100
Vaxtajöfnuður o.fl.	-6 229	-5 800	-6 300
Viðskiptajöfnuður	554	-2 400	-4 400
í % af VLF	0,4	-1,2	-1,8
í % af VÐF	0,4	-1,3	-1,9
Framlög án endurgjalds	160
Fjármagnsjöfnuður¹⁾	2 667	5 700	2 100
Erlent einkafjármagn	256
Langar lántökur, nettó	6 099	6 690	1 800
Innkomin löng lán, alls	12 036	12 440	8 000
Afborganir	-5 937	-5 750	-6 200
Aðrar fjármagnshreyfingar ¹⁾	-3 688	-990	300
Heildargreiðslujöfnuður	3 381	3 300	-2 300
(Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)			

1) Skekkjur meðtaldar

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal IV.

Staða þjóðarþúsins út á við 1979—1988. (M.kr. á meðalgengi hvers árs.)

	Löng erlend lán	Stutt vörukaupa- lán o.fl.	Greiddur útflytun- ingur	Gjald- eyris- staða	Nettó- staða við útlönd	Verg lands- framleiðsla	Staða í % af VLF (%)	
							Löng lán	Nettó staða
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
1979	-2.930	-396	244	361	-2.721	9.439	31,0	28,8
1980	-4.623	-718	403	705	-4.233	15.493	29,8	27,3
1981	-7.521	-1.117	638	1.451	-6.549	24.402	30,8	26,8
1982	-14.904	-2.172	953	1.101	-15.022	38.281	38,9	39,2
1983	-32.127	-4.346	3.052	2.280	-31.141	66.093	48,6	47,1
1984	-42.559	-6.743	4.069	1.763	-43.470	88.125	48,3	49,3
1985	-60.857	-13.478	4.139	7.297	-62.899	119.910	50,8	52,5
1986	-75.076	-13.137	4.619	11.266	-72.328	159.375	47,1	45,4
1987 ¹⁾	-83.040	-12.560	5.000	14.600	-76.000	205.850	40,3	36,9
1988 ²⁾	-84.840	-12.860	5.000	12.300	-80.400	240.500	35,3	33,4

1) Áætlun á gengi 30. júní 1987.

2) Lánstjáráætlun 1988.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal V.

Greiðslubyrði erlendra lána 1979—1988.
(Meðalgengi hvers árs.)

Í m.kr.	Löng erlend lán			Nettó- vaxta- greiðslur	Útflutn- ings- tekjur	Greiðslubyrði í % af útflutningstekjum				
	Afborgun	Vextir	Samtals			Afborganir	Vextir	Samtals	Nettó	Alls
	(1)	(2)	(3)			(1:5)	(2:5)	(3:5)	(4:5)	(1+4:5)
1979	246	252	498	241	3 852	6,4	6,5	12,9	6,3	12,6
1980	379	440	819	405	5 813	6,5	7,6	14,1	7,0	13,5
1981	633	827	1 460	802	8 887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,2
1982	1 230	1 541	2 771	1 475	13 063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2 674	2 974	5 648	3 050	27 456	9,8	10,8	20,6	11,1	20,9
1984	4 278	4 177	8 455	4 555	34 792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985	4 456	5 259	9 715	5 605	50 490	8,8	10,4	19,2	11,1	19,9
1986	5 937	6 152	12 089	6 226	63 938	9,3	9,6	18,9	9,7	19,0
1987 ¹⁾	5 750	6 000	11 750	5 800	74 350	7,7	8,0	15,8	7,8	15,5
1988 ²⁾	6 200	6 300	12 500	6 300	77 450	8,0	8,1	16,1	8,1	16,1

1) Áætlun á gengi 30. júní 1987.

2) Lánsfjáráætlun 1988.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal VI.

Löng erlend lán 1979—1988, flokkuð eftir lánnotendum.

Í milljónum króna á meðalgengi hvers árs.

	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	Spá 1987	Áætlun 1988
1. Lántökur:										
Opinberir aðilar	307	540	853	2.267	3.705	4.111	5.727	5.816	3.285	900
Lánastofnanir	25	62	176	585	908	1.982	1.945	2.111	2.455	1.400
Einkaaðilar	209	411	669	781	964	1.416	2.255	4.109	6.700	5.700
Samtals	541	1.013	1.698	3.633	5.577	7.509	9.927	12.036	12.440	8.000
2. Afborganir:										
Opinberir aðilar	102	160	261	494	1.084	1.546	1.791	2.680	2.550	2.250
Lánastofnanir	26	49	69	166	351	491	658	603	455	550
Einkaaðilar	118	169	303	570	1.239	2.241	2.002	2.654	2.745	3.400
Samtals	246	378	633	1.230	2.674	4.278	4.451	5.937	5.750	6.200
3. Nettó hreyfing:										
Opinberir aðilar	205	380	592	1.773	2.621	2.565	3.936	3.136	735	-1.350
Lánastofnanir	-1	13	107	419	557	1.491	1.287	1.508	2.000	850
Einkaaðilar	91	242	366	211	-275	-825	253	1.455	3.955	2.300
Samtals	295	635	1.065	2.403	2.903	3.231	5.476	6.099	6.690	1.800
4. Vaxtagreiðslur:										
Opinberir aðilar	171	292	528	975	2.013	2.894	3.656	4.382	4.170	4.200
Lánastofnanir	23	35	68	132	298	449	692	806	830	1.000
Einkaaðilar	58	113	231	434	663	834	911	946	1.000	1.300
Samtals	252	440	827	1.541	2.974	4.177	5.259	6.152	6.000	6.500
5. Staða í árslok:										
Opinberir aðilar	1.966	3.054	4.863	9.847	21.973	29.475	42.293	50.755	52.200	50.850
Lánastofnanir	262	369	611	1.439	3.400	5.693	8.735	11.787	14.080	14.930
Einkaaðilar	702	1.200	2.047	3.618	6.754	7.391	9.829	12.537	16.760	19.060
Samtals	2.930	4.623	7.521	14.904	32.127	42.559	60.857	75.076	83.040	84.840
Gengisforsendur:*)										
SDR = krónur	4,58	6,23	8,51	13,71	26,60	32,38	42,18	48,18	49,82	49,82
6. Meðalvextir:										
Opinberir aðilar	9,5	10,8	12,2	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,1	8,1
Lánastofnanir	8,8	9,3	11,1	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,6	7,0
Einkaaðilar	9,1	11,1	13,0	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,2	7,5
Meðaltal	9,6	10,6	12,3	11,8	9,9	10,4	9,3	8,7	7,7	7,8

*) Spá 1987 og áætlun 1988 er á gengi 30. júní 1987.

Breytilegir vextir: LIBOR-USD eru áætlaðir 6,5% 1987 og 7,5% 1988.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal VII.

Fréttatilkynning um ERLENDAR LÁNTÖKUR

Viðskiptaráðuneytið hefur í dag sett nýjar reglur um erlendar lántökur og kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga vegna innflutnings á vélum og tækjum.

Miklar erlendar lántökur eiga verulegan þátt í þeirri miklu þenslu í þjóðarbúskapnum sem nú er alvarlegt áhyggjuefni. Ríkisstjórnin telur því óhjákvæmilegt að herða þegar í stað framkvæmd reglna um heimildir til erlendar lántöku. Jafnframt er tímabært að samræma reglur um mismunandi form erlendra lána. Þessi ákvörðun er tekin í framhaldi af þeim efnahagsaðgerðum sem gripið var til þegar ríkisstjórnin tók við völdum. Tilgangur hinna nýju reglna er að draga verulega úr erlendum lántökum á þessu og næsta ári frá því sem annars hefði orðið.

Meginatriðin í hinum nýju reglum eru þessi:

Í **fyrsta lagi** verður heimildum til fjárfestingarlánasjóða og annarra opinberra aðila til innlendar lántöku samkvæmt lánsfjáráætlun ekki breytt í heimildir til erlendar lántöku og alls ekki bætt við erlendar lántökuheimildir þeirra á þessu ári.

Í **öðru lagi** munu lántökuheimildir, sem viðskiptaráðuneytið veitir samkvæmt tillögum lánanefndar, framvegis lúta ströngum reglum þar sem yfirleitt verður ekki heimilað hærra lánshlutfall en 70% af innlendu verði við kaup á fjármunum eða við framkvæmdir, en 60% fylgi láni ábyrgð innlends banka, tryggingafélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs. Starf lánanefndar, sem er ráðgefandi fyrir viðskiptaráðuneytið, verður endurskipulagt á næstunni í tengslum við umbætur á framkvæmd lánsfjárlaga og lánsfjáráætlunar.

Í **þriðja lagi** verður almenn heimild til erlendar lántöku vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði, sbr. auglýsingu nr. 227/1987, dags. 25. maí 1987, þrengd þannig að óheimilt verður að taka stærra lán en sem svarar 70% af samningsverði vörunnar, en 60% fylgi láni ábyrgð innlends banka, tryggingafélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs. Þá er ákveðið í hinni nýju auglýsingu að sama krafa um innlenda fjármögnun, þ.e. 30% a.m.k., verði gerð til allra aðila sem selja fjármuni á leigu í krafti lánsfjár frá útlöndum. Til þess að fylgja þessum nýju reglum eftir verður eftirlit með starfsemi fjármögnunarleigufyrirtækja bætt og samræmt, þannig að sömu reglur gildi um öll form fjármögnunar.

Reglur um innflutning með greiðslufresti í allt að 12 mánuði haldast óbreyttar. En athygli er vakin á því að afnám bankastimplunar hefur ekki í för með sér neinar breytingar á þessum reglum.

Á næstunni verður einnig gripið til almennra aðgerða til að koma á betra jafnvægi í peningamálum og mun Seðlabankinn skýra nánar frá þeim í sérstakri fréttatilkynningu.

Auglýsing frá viðskiptaráðuneytinu um hinar nýju lána- og leigureglur verður birt í Stjórnartíðindum í dag.

Reykjavík, 24. september 1987.